



Svar

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri

Efni: Svar við fyrirspurn um sveigjanlega félagslega heimaþjónustu

Þann 6. október 2021 lagði fulltrúi Sósíalístaflokks Íslands fram í velferðarráði svohljóðandi fyrirspurn um sveigjanlega félagslega heimaþjónustu:

Breytingartillaga við tillögu Sósíalístaflokks Íslands um sveigjanlegri félagslega heimaþjónustu var samþykkt á velferðarráðsfundi 9.10.2019. Tillagan var svohljóðandi: Lagt er til að gerð verði úttekt á þörf á sveigjanlegri þjónustu í félagslegri heimaþjónustu varðandi tíma, tímalengd og verkefni. Fyrirliggjandi er að endurskoða þarf reglur um félagslega heimaþjónustu og úttekt sem þessi gæti gefið okkur betri mynd af stöðunni og þörf á sveigjanlegri þjónustu. Að fengnum niðurstöðum væri hægt að meta kostnað við aðgerðir. Fulltrúi sósíalista spyr hvort að niðurstöður liggi fyrir og hvar megi nálgast þær? Hvernig var tekið tillit til þess sem kom fram í úttekt við endurskoðun á reglum?

Svar:

Teymi árangurs og gæðamats á velferðarsviði gerði könnun sl. sumar meðal notenda og aðstandenda þeirra til að meta árangur og gæði heimaþjónustu og ánægju notenda. Úttektin er einnig hluti af aðgerðaráætlun með stefnu í málefnum eldri borgara á vegum velferðarsviðs Reykjavíkurborgar árin 2018-2022. Niðurstöður úttektinnar liggja fyrir von bráðar og verða í kjölfarið kynntar á fundi velferðarráðs.

Heimaþjónusta er ætíð veitt í samræmi við líkamlega, andlega og félagslega líðan og/eða færni notanda og stuðningurinn er veittur með leiðbeiningum, þjálfun, eftirliti og aðstoð. Við endurskoðun reglna um félagslega heimaþjónustu var aðal áherslan í nýrri nálgun að gera þjónustuna félagslegri og sveigjanlegri varðandi tíma, tímalengd og verkefni með því að innleiða vinnulag sem byggir á hugmyndafræði endurhæfingar í heimahúsi, í alla heimaþjónustuna. Í því felst að ríkari áhersla er lögð á samvinnu við notanda um það hvers konar stuðning hann fær. Horfið verður frá því að meta stuðningsþörf í ákveðinn fjölda klukkustunda, nema þegar um er að ræða þríf, sem

notandi greiðir fyrir samkvæmt gjaldskrá. Ný nálgun er að meta frekar fjölda skipta sem þörf er á stuðningi því það er talið geta mætt stuðningsþörfum umsækjenda betur og með því móti er hægt að veita meiri sveigjanleika.